

Alþingi
Erindi nr. P 143/730
komudagur 19.12.2013

Nefndasvið Alþingis

Uppsveitir Árnassýslu 18. desember 2013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið, 17. mál.
Undirrituð ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu fagnar mjög þingsályktunartillögu sem miðar að því að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að bæta hálendisvegi landsins. Með því að rannsaka faglega áhrif á umhverfi og samfélag finnst vonandi ásættanleg lausn á þessu mikilvæga viðfangsefni. Ástand hálendisvega í dag er víða óásættanlegt miðað við aukna umferð og skapar mikla hættu fyrir menn og umhverfi. Undirrituð tekur undir það sem fram kemur í öllum efnisliðum tillögunnar og er sammála flutningsmönnum í öllum atriðum.

Ferðaþjónusta

Úrbætur á hálendisvegum eru mjög mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna. Ímynd okkar og öryggi er í hættu og eignatjón hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu er fyrirséð ef ekki verður gripið til aðgerða. Samgöngubætur yfir hálendið hafa umtalsverða þýðingu fyrir atvinnulíf og samfélag í viðkomandi landshlutum og einnig ferðaþjónustu á landsvísu í kjölfar ört vaxandi fjölda ferðamanna. Okkar helstu viðfangsefni eru að leitast við að dreifa álaginu yfir árið og um landið, vinna að úrbótum á fjölsóttum stöðum og byggja upp fleiri áfangastaði.

Byggðastefna

Betri hálendisvegir eru mikilvægur liður í byggðaðróun. Samstarf milli landshluta myndi eflast í öllum greinum og ný samstarfsverkefni geta orðið til. Sem dæmi má nefna að samstarf milli Suður- og Norðurlands myndi stórukast með betri Kjalvegi, þannig myndu tvö stærstu ferðaþjónustusvæðin tengjast beint.

Aukið öryggi og umhverfismál

Þegar leiðir styttest má spara orku. Og með bætum vegum minnkar hættu á umhverfisspjöllum svo sem akstri utan vega/slóða. Betri hálendisvegir draga verulega úr slyshættu og efla öryggi.

Undirbúningsvinna og stuðningur

Mikilvægt er að nýta þær kannanir og rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar. Einnig er brýnt að hafa gott samstarf við hagsmunaaðila og landeigendur á hverjum stað frá upphafi.

Virðingarfyllst
Ásborg Arnþórsdóttir
Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu
8981957 asborg@ismennt.is
www.sveitir.is